Fundargerð - Formannafundur FRÍ, vor 2025

Auglýstur tími:	Þriðjudagur 8. apríl 2025 (19.30 til 21.00)
Staðsetning:	Fundur haldinn í gegnum fjarfundaforritið Zoom
Fundarstjórn:	Freyr Ólafsson
Fundarritun:	Haukur Björnsson
Fundarmæting:	Aðalbjörg, Anna Jónsdóttir, Auður Árnadóttir, Bjarni Malmquist Jónsson, Burkni Helgason, Freyr Ólafsson, Freyr Ævarsson, Friðleifur Friðleifsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðmunda Ólafsdóttir, Guðmundur Karlsson, Gunnhildur Hinriksdóttir, Hafsteinn Óskarsson, Haukur Björnsson, Hildur Helga Einarsdóttir, Íris Berg Bryde, María, Oddný Kristinsdóttir, Silja Úlfarsdóttir, Soffía Svanhildar Felixdóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Sveinn Margeirsson, Teitur Ingi Valmundsson, Þráinn Hafsteinsson, Þuríður Ingvarsdóttir, Örvar Ólafsson.

Fundur settur kl. 19.31.

1. Opnun og skýrsla stjórnar - Freyr Ólafsson, formaður FRÍ
Freyr Ólafsson, formaður FRÍ, bauð fundarmenn velkomna á fund. Fundurinn og boðun hans voru staðfest lögmæt.

Freyr Ólafsson kynnti því næst skýrslu stjórnar. Iðkendum fjölgar jafnt og þétt og afreksmál eru í sérstökum brennidepli í kjölfar áherslubreytinga ÍSÍ og stjórnvalda. Undirbúningi að byggingu þjóðarleikvangs miðar hægt en þokast þó í rétta átt. Stefnumótunarvinna heldur áfram, þ.m.t. í samstarfi við evrópska frjálsíþróttasambandið, European Athletics. Útbreiðslu- og fræðslustarf hefur styrkst mjög með tilkomu nýs útbreiðslu- og fræðslustjóra. Í vetur var undirritaður samstarfssamningur við Lindex og Gina Tricot. Miklar væntangar eru gerðar til þess samstarfs, t.d. á sviði miðlunar, upplifunar á viðburðum og unglingalandsliða.

Vel heppnað þing norrænna frjálsíþróttasambanda fór fram í Reykjavík í mars. Þar lagði FRÍ til að Ísland sendi sér lið á Norðurlandameistaramót, en síðustu ár hefur sameiginlegu liði Íslands og Danmerkur verið teflt fram. Samþykkt var að skoða fýsileika þess að halda Nordenkampen, sem átti að fara fram á Íslandi árið 2026, næstu þrjú ár í Svíþjóð með það að augnamiði að efla mótið.

2. Fjármál FRÍ - Auður Árnadóttir, gjaldkeri FRÍ
Auður Árnadóttir kynnti ársreikning fyrir árið 2024. Tekjur og gjöld drógust saman um 3%, m.a. vegna færri alþjóðlegra móta. Hagnaður af rekstri var tæplega 900 þkr. Eiginfjárhlutfall var 79% í lok árs.

Auður kynnti einnig væntа gjaldskrá fyrir árið 2026, en hækkanir taka mið af almennum verðlagsbreytingum.

- **Gjöld - Vallarmót**
  Skráningargjald er kr. 2.300 á hverja grein í flokki 15 ára og eldri. Skráningargjald vegna boðhlaups er kr. 4.500 á hverja sveit. Skráningargjald fyrir einstakling í fjölþrautarkeppni er kr. 11.400. Skráningargjald vegna eins dags Bikarkeppni er kr. 56.000 í fullorðins flokki og kr. 34.200 fyrir 15 ára og yngri. Skráningargjald vegna tveggja daga Bikarkeppni er kr. 67.300 í fullorðins flokki. Skráningargjald er kr. 1.150 á grein vegna keppni í flokkum 13 og 14 ára, skráningargjöld í fjölþraut 11 og 12 ára er 4.500. Skráningargjald er kr. 3.400 á hverja boðhlaupssveit 11 til 14 ára.
- **Gjöld – Viðurkennd hlaup**
  Fyrir þátttöku í viðurkenndum FRÍ hlaupum greiðir hlaupahaldari til FRÍ kr. 160 fyrir hvern þann hlaupara sem lýkur keppni með skráðan lokatíma.

Fyrir framkvæmd viðurkennds hlaups greiðist eftirfarandi: Afgreiðsla umsókna og staðfesting á framkvæmd samkvæmt reglugerð kr. 46.600. Gjaldið miðast við einn dómara á keppnisdag, gjald er tekið fyrir hvern auka dómara kr. 10.400.

- **Kostnaður við þátttöku í keppni erlendis**
  Fyrir þátttöku hvers einstaklings í móti erlendis verði innheimt frá hverju félagi fyrir hvern þann sem sannarlega fór í ferð og tók þátt í verkefninu alls kr. 79.900.
- **Þjónustu- / Iðkendagjöld FRÍ**
  Fyrir skráða iðkendur 6 ára og eldri í frjálsíþróttum samkvæmt starfsskýrslu ÍSÍ greiðast kr. 1.800 til FRÍ.
  Kostnaður vegna Global Calendar móts: Kostnaður vegna umsóknar er kr. 5.400. Kostnaður vegna yfirdómara er kr. 16.300 fyrir fyrstu tvær klukkustundir og svo bætast kr. 5.400 við hverja klukkustund.

3. Afreksmál – Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri FRÍ
Guðmundur kynnti ýmsar breytingar á ytra umhverfi afreksstarfs, m.a. aukin framlög ÍSÍ til sérsambanda. Þrátt fyrir aukið heildarfjármagn til afreksstarfs hjá sérsamböndum var aukning til FRÍ ekki eins mikil og vonast var til. Framkvæmdastjóri er í samtali við ÍSÍ um þetta mál.

4. Mótaskrá 2025 - Íris Berg Bryde, verkefnastjóri mótamála og viðburða
Engar breytingar eru á mótaskrá frá þeirri útgáfu sem kynnt var á haustfundi og máli því frestað.

5. Þátttaka á alþjóðlegum mótum 2025 - Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri FRÍ
Framundan eru nokkur alþjóðleg verkefni, s.s. Smáþjóðaleikar, Evrópubikarkeppni, EM í lengri hlaupum, HM í utanvegahlaupum, NM í víðavangshlaupum, NM U20, NM í fjölþrautum, EM U23, EM U20 og EYOF. Miðað við stöðu afreksfólks um þessar mundir má gera ráð fyrir að FRÍ muni senda öflug lið á flest þessara móta.

6. Reglugerðarbreytingar til kynningar - Freyr Ólafsson
Freyr Ólafsson kynnti umgjörð og forsögu þess að stjórn getur breytt reglugerðum eftir kynningu á formannafundi. Freyr Ólafsson lagði því næst, fyrir hönd stjórnar FRÍ, fram til kynningar breytingar á neðangreindum reglugerðum sambandsins, eftir ábendingar frá hreyfingunni. Lýsingar á breytingum ásamt rökstuðningi er að finna í fylgiskjalinu *„Reglugerðir FRÍ - Breytingartillögur stjórnar Tillögur frá stjórn FRÍ fyrir formannafund að vori, 8. apríl 2025“,* sem sent var út til kynningar þann 18. mars sl. Skjalið er að finna aftast í þessari fundargerð.

- Reglugerð nr. 22 Framkvæmd móta innan valla á vegum FRÍ
- Reglugerð nr. 23 Kröfur til valla og búnaðar vegna móta
- Reglugerð nr. 25 Sérkeppnisreglur FRÍ
- Reglugerð nr. 30.4 Meistaramót Íslands í eldri aldursflokkum, utanhúss
- Reglugerð nr. 31.4 Meistaramót Íslands í eldri aldursflokkum, innanhúss
- Reglugerð nr. 31.6 Meistaramót Íslands 11-14 ára, innanhúss
- Reglugerð nr. 32.1 Bikarkeppni FRÍ utanhúss
- Reglugerð nr. 32.2 Bikarkeppni FRÍ innanhúss
- Reglugerð nr. 32.3 Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri, utanhúss
- Reglugerð nr. 32.4 Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri, innanhúss

Auk ofangreindra tillagna hafa komið upp þrjár aðrar tillögur er varða viðbót masters flokka í reglugerð nr. 27, að skipta kúluvarpi inn fyrir kringlukast í flokki 15 ára stúlkna í reglugerð nr. 30.2 og fella út seinni umferð í spretthlaupum í aldursflokki 11 og 12 ára í reglugerðum nr. 30.6 og 31.6. Gunnhildur, Silja, Örvar og Þuríður tóku til máls og styðja breytingartillögurnar. Engar mótbárur komu fram.

Freyr Ævarsson benti á ósamræmi í stigagjöf þrautar á meistaramóti 11-12 ára, sem mögulega má rekja til þess að tvöföld stigakeppni er í gangi (einstaklings- og liðakeppni). Skrifstofa FRÍ mun taka til skoðunar.

Engar frekari athugasemdir gerðar við ofangreindar tillögur að breytingum. Stjórn mun í kjölfarið gera breytingar og uppfæra skjöl á vefnum.

7. 77. Íþróttaþing ÍSÍ í Reykjavík – Sonja Sif Jóhannsdóttir
Sonja Sif kynnti væntanlegt Íþróttaþing ÍSÍ sem haldið verður í 16. til 17. maí.

8. 77. Fræðslumál FRÍ – Soffía Svanhildar Felixdóttir
Soffía kynnti helstu mál er varða fræðslumál FRÍ, s.s. gerð yfirlits yfir frjálsíþróttaþjálfara og menntun þeirra, væntanleg þjálfaranámskeið, fræðslukerfi, fræðsluefni og nýja fræðslusíðu á www.fri.is.

8. Önnur mál

- Guðmundur Karlsson og Íris hvöttu til að fólk kynni sér efni á fræðslusíðu, sérstaklega efni er varðar dómarafræðslu.
- Silja nefndi að hún er að klára umboðsmannaréttindi á næstu vikum.
- Þuríður spurði um nafnabreytingu á unglingalandsliði í æfingahóp unglingalandsliðs. Freyr nefndi forsögu og ástæðu breytingar og að áherslu verði lögð á að fá fleiri verkefni fyrir unglingalandslið. Þuríður benti á að það þurfi ekki endilega að vera stór mót, aðalmálið er að stærri hópur ungmenna fái landsliðsverkefni.

Freyr þakkaði fyrir góðan fund og gott starf. Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 21.23.

Fylgigögn:

- Glærusýning
- Reglugerðir FRÍ - Breytingartillögur stjórnar (sjá neðar í þessu skjali)

Fylgiskjal með fundargerð:

Reglugerðir FRÍ - Breytingartillögur stjórnar
Tillögur frá stjórn FRÍ fyrir formannafund að vori, 8. apríl 2025

Stjórn FRÍ leggur fram til kynningar breytingar á neðangreindum reglugerðum sambandsins, eftir ábendingar frá hreyfingunni

- Reglugerð nr. 22 - Framkvæmd móta innan valla á vegum FRÍ
- Reglugerð nr. 23 - Kröfur til valla og búnaðar vegna móta
- Reglugerð nr. 25 - Sérkeppnisreglur FRÍ
- Reglugerð nr. 30.4 - Meistaramót Íslands í eldri aldursflokkum, utanhúss
- Reglugerð nr. 31.4 - Meistaramót Íslands í eldri aldursflokkum, innanhúss
- Reglugerð nr. 31.6 - Meistaramót Íslands 11-14 ára, innanhúss
- Reglugerð nr. 32.1 - Bikarkeppni FRÍ utanhúss
- Reglugerð nr. 32.2 - Bikarkeppni FRÍ innanhúss
- Reglugerð nr. 32.3 - Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri, utanhúss
- Reglugerð nr. 32.4 - Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri, innanhúss

Breyting 1: Reglugerð nr. 22 um framkvæmd móta innan valla á vegum FRÍ

Breyta 5. gr. á þá leið að hún hljómi svona:
Að öðru leyti en að framan greinir gilda lög og reglugerðir FRÍ og ÍSÍ og keppnisreglur World Athletics **og WMA (World Masters Athletics)**, sjá þó gr. 25.5 og 25.6 í sérkeppnisreglum FRÍ, um auglýsingar á búningum og á velli.

Rökstuðningur: Nú þegar er keppnisreglum WMA fylgt í keppni í mastersflokkum, hér er sérstaklega skerpt á þessu ákvæði.

Breyting 2: Reglugerð nr. 23 um kröfur til valla og búnað vegna móta

Grein bætt við sem hljóði svo:
6. gr. - MÍ í mastersflokkum
Kröfur til valla:

1. Að minnsta kosti 4 brauta vellir úr viðurkenndu gerviefni, allar atrennubrautir skulu vera úr gerviefni, kúluvarpshringur skal vera af viðurkenndi gerð.
2. Vallarstæðið og umhverfi skal vera hreint og snyrtilegt.
3. Aðstaða fyrir tölvuvinnslu og nettenging.
4. Góð aðstaða fyrir þuli og aðstaða fyrir fréttamenn.
5. Áhorfendastæði/stúka.
6. Hátalarakerfi fyrir keppendur og áhorfendur.
7. Búningsaðstaða nálægt velli fyrir keppendur og dómara.
8. Mögulegt að koma upp “Call-Room”ef þarf.
9. Salernisaðstaða nálægt velli fyrir keppendur, dómara og áhorfendur.
10. Söluaðstaða fyrir veitingar.
11. Skýli fyrir keppendur í öllum greinum.

Kröfur til tækja og áhalda:

1. Tímatökutæki og aðstaða fyrir þau.
2. Grindur af viðurkenndri gerð.
3. Langstökksplankar af viðurkenndri gerð.
4. Hástökksdýnur af viðurkenndri gerð, sem og uppistöður og mælistika af viðurkenndri gerð.

5. Upplýsingatöflur af viðurkenndri gerð fyrir hverja keppnisgrein.
6. Öll keppnisáhöld þurfa að uppfylla lágmarkskröfur World Athletics.
7. Áhöld séu til staðar fyrir alla keppnisflokka.
8. Vigt til að staðfesta keppnisáhöld
9. Önnur þau tól sem þarf til að staðfesta spjót og kúlur.

Rökstuðningur: Hér með bætt við kröfum til valla í þessu móti sem vantaði.

Breyting 3: Reglugerð nr. 25 um sérkeppnisreglur FRÍ

Breyta 7. gr. - Þjófstart á þá leið að hún hljómi svona:
Þjófstart 14 ára og yngri **og í masters flokkum**
Í keppni fyrir 14 ára og yngri **og í masters flokkum** er leyft eitt þjófstart, án þess að keppandanum sem olli því sé vísað frá. Hverjum þeim keppanda sem veldur frekara þjófstarti skal vísað frá keppni.
Ekki er gerð krafa um notkun rásblokka.

Rökstuðningur: Keppni er nú þegar framkvæmd með þessu sniði, en hér með færð í reglugerð.

Breyting 4: Reglugerð nr. 30.4 um MÍ í eldri aldursflokkum (masters) utanhúss

Breyta 1.3. gr. á þá leið að hún hljómi svo eftir breytingu:
Keppnisgreinar séu 100 m, 200m, 400m, 800m, 1500m, 3000m, stutt grhl., löng grhl., 4x100m boðhlaup í blandaðri sveit, hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp, spjótkast, kringlukast og lóðkast.

Rökstuðningur: Þessar greinar eru þær sem hefur verið keppt í undanfarin ár. Fyrri reglugerð krafðist staðfestingar í hvert sinn frá Mastersráði. Slíkt er óþarfi.

Breyta 1.4. gr. á þá leið að hún hljómi svona:
Í boðhlaupinu skulu að minnsta kosti tvær konur vera í sveitinni. Aldursflokkur sveitar ákvarðast af yngsta sveitarmeðlim.

Rökstuðningur: Samkvæmt tillögu Mastersráðs er nú tekinn af allur vafi um framkvæmd blandaðs boðhlaups í mastersflokkum.

Breyta 1.8. gr. á þá leið að hún hljómi svona:
Á mótinu skal veitt sérstök viðurkenning til þeirra sem ná hæstri stigatölu fyrir afrek í flokki karla annars vegar og kvenna hins vegar samkv. reiknilíkani World Masters Athletics.

Rökstuðningur: Hér er skerpt á orðalagi og sérstaklega nefnd stigatala samkvæmt tillögu Mastersráðs.

Breyting 5: Reglugerð nr. 31.4 um MÍ í eldri aldursflokkum (masters) innanhúss

Breyta 1.3. gr. á þá leið að hún hljómi svona:
Keppnisgreinar eru 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, hástökk, langstökk, stangarstökk og kúluvarp

Rökstuðningur: Þessar greinar eru þær sem hefur verið keppt í undanfarin ár. Fyrri reglugerð krafðist staðfestingar í hvert sinn frá Mastersráði. Slíkt er óþarfi.

Breyting 6: Reglugerð nr. 31.6 um MÍ 11-14 ára

Breyta 2.1.6. gr. og 2.2.6. á þá leið að þær hljómi svona:
Keppa skal í 4x200 boðhlaupi óháð kyni, **en þó þannig að ekki séu allir af sama kyni**. Félög geta sameinast um lið svo sem flestir fái að taka þátt. Boðhlaupið telur ekki til stiga.

Rökstuðningur: Ekki var tekið á hvernig kynjaskipting mætti vera í blönduðum boðhlaupum 11 og 12 ára. Hér með er tekið af um allan vafa.

Breyting 7: Reglugerð nr. 32.3 um Bikarkeppni FRÍ ára og yngri, utanhúss

15 ára og yngri piltar keppi í 100 m grindahlaupi í stað 80 m grindahlaups.

Rökstuðningur: Ekki eru merkingar á völlum fyrir bil hjá 15 ára piltum í 80 m en eru í 100 m og búið var að breyta þessu á meistaramótum.

Breyting 8: Reglugerð nr. 32.1 um Bikarkeppni FRÍ, utanhúss

Breyta 4. gr. á þá leið að hún hljómi svona:
Keppnin **skal** fara fram á **tveimur** dögum.

Rökstuðningur: Mistök urðu við birtingu á reglugerð um þetta mál, nú breytt þannig að mótið fari sannarlega fram á tveimur dögum, í ljósi greinafjölda.

Breyting 9: Reglugerðir nr. 32.1, 32.2, 32.3 og 32.4 um Bikarkeppnir FRÍ

Bæta við grein þar sem fjallað er um að röðun í riðla í boðhlaupum í bikarkeppnum verði þannig að raðað sé eftir stigastöðu félaga, þannig að stigahæstu lið í viðkomandi keppni (t.d. karla/kvenna) keppi saman í síðasta riðli, eftir því sem fjöldi brauta leyfa.

Rökstuðningur: Hér með er tekinn af allur vafi um að raðað skuli eftir árangri, en ekki slembiröðun í boðhlaup.

Breyting 10: Reglugerðir nr. 32.1 og 32.2 um Bikarkeppnir FRÍ utanhúss og innanhúss

Breyta 4-lið 6. gr. á þá leið að hún hljómi svona:
Listi með nöfnum keppenda og ekki fleiri en 8 varamönnum skal lagður fram viku fyrir keppni. Nafnabreytingar skal leggja fram **fyrir upphaf keppni í hverri grein.**
Rökstuðningur: Hér er liðkað fyrir um nafnabreytingar, t.d. vegna meiðsla í fyrri greinum.